

## **Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum**

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 7. maí 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30. Að nefndinni standa Samband íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélög BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum.

Mætt voru: Frá BSRB, Karl Rúnar Þórsson og Arna Jakobína Björnsdóttir. Frá ASÍ Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir voru Guðfinna Harðardóttir og Björg Valsdóttir frá Starfsmennt og Þórkatla Þórisdóttir frá Borgarholtsskóla sem mættu á fund undir liðnum umræða um skipulag fræðslustofna.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

### **1. Mat á námi stuðningsfulltrúa/félagliða**

Lögð fram beiðni um mat á félagliðanámi starfsmanna sem starfa sem stuðningsfulltrúar og eru með menntun fyrir stuðningsfulltrúa.

Máli frestað

### **2. Mat á námi starfsmanns á heimili fyrir fatlað fólk II**

Lögð fram beiðni um mat á styttri námskeiðum starfsmanns sem starfar á heimili fyrir fatlað fólk.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1 á grundvelli 160 klst. grunnnáms í starfsmenntun fyrir stuðnings- og meðferðarfulltrúa fyrir fatlað fólk.

### **3. Mat á námi starfsmanns á leikskóla**

Lögð fram beiðni um mat á styttri námskeiðum starfsmanns á leikskóla.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1

### **4. Mat á námi starfsmanns á leikskóla með stuðningi II**

Lögð fram beiðni um mat á styttri námskeiðum starfsmanns á leikskóla með stuðningi II.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á ekki rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1 þar sem búið er að meta nám viðkomandi í starfsmati. Í starfsmati er gerð krafa um sérstakt nám fyrir stuðningsfulltrúa eða sambærilegt nám.

## **5. Mat á námi starfsmanns á leikskóla með stuðningi II**

Lögð fram beiðni um mat á styttri námskeiðum starfsmanns á leikskóla með stuðningi II.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á ekki rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1 þar sem búið er að meta nám viðkomandi í starfsmati. Í starfsmati er gerð krafa um sérstakt nám fyrir stuðningsfulltrúa eða sambærilegt nám.

## **6. Umræða um skipulag fræðslustofnana**

Á fundinn mættu Guðfinna Harðardóttir og Björg Valsdóttir frá Starfsmennt, Marín Björk Jónasdóttir og Þórkatla Þórisdóttir frá Borgarholtsskóla til að ræða um þróun á námi félagsliða, ásókn í það og kröfur til starfa.

Rætt um mikilvægi endurskoðunar á námi félagsliða, stuðningsfulltrúa, skólaliða, leikskólaliða og á námi launaskólans.

Næstu skref eru hæfnigreining á námi félagsliða og stuðningsfulltrúa og stefnt er að fundi aðila aftur eftir tvær vikur.

Næsti fundur nefndar verður haldinn 22. maí kl. 10.00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00